

# Stofnanasamningur

## Fjölbautaskóla Vesturlands

### á Akranesi

Samningur þessi er gerður af samstarfsnefnd Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) og er á milli skólameistara og félagsmanna Kennarasambands Íslands (KÍ) í FVA. Hann er samkvæmt ákvæðum kjarasamnings KÍ við fjármálaráðherra vegna framhaldsskóla.

#### 1. Skilgreining og markmið

Við gerð þessa samnings er fyrst og fremst horft til inntaks kjarasamnings KÍ vegna framhaldsskóla auk þess sem aðferðafræði mannauðsstjórnunar er höfð að leiðarljósi.


##### 1.1. Skilgreining stofnanasamnings skv. miðlægum kjarasamningi

Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirku launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarfélaga um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

##### 1.2. Markmið stofnanasamnings FVA

Markmið stofnanasamningsins er að gera FVA að eftirsóttum vinnustað þar sem laun eru samkeppnishæf og fagmenna í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á að launakerfið sé gagnsætt, hvetjandi og nægilega sveigjanlegt til að takast á við ný verkefni og áherslur, starfsmenn eigi möguleika á að vaxa og dafna í starfi og formgerð launasetningar sé skýr. Samningnum er ætlað að efla lýðræðislegt skólastarf, hvetja til þróunarstarfs og nýbreytni og styðja við endurmenntun starfsfólks.

Í öðru lagi er markmiðið að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana í samræmi við markmið og stefnu skólans til 2025 um lýðræðislega kennslu- og stjórnunarhætti.



## **2. Röðun kennara í launaflokk og þrep**

Við röðun í launaflokk og þrep er gengið út frá menntun og starfsreynslu.

### **2.1. Grunnröðun kennara í launaflokka**

- Sveinspróf/starfsréttindi í iðngrein raðast í launaflokk 3.0
- Iðnmeistarapróf raðast í launaflokk 4.0
- BA-, B.Ed. eða BS-próf raðast í launaflokk 5.0
- MA- eða MS-próf raðast í launaflokk 6.0
- MT- og MEd- próf með leyfisbréfi til kennslu raðast í launaflokk 6.1 (innifalið er þrep vegna leyfisbréfs til kennslu)
- Doktorspróf, 1 þrep
- Leyfisbréf til kennslu, 1 launaflokkur

### **2.2. Áhrif starfsreynslu á röðun kennara í launaflokk**

Kennslureynsla á grunn- og framhaldsskólastigi er metin til fulls. Skólameistari getur metið fagtengda starfsreynslu tímabundið og haft samráð við samstarfsnefnd.

### **2.3. Almennar starfsreynsluhækkanir kennara**

- |                        |           |
|------------------------|-----------|
| ○ Eftir 2 ár í starfi  | 1 flokkur |
| ○ Eftir 4 ár í starfi  | 1 flokkur |
| ○ Eftir 9 ár í starfi  | 1 flokkur |
| ○ Eftir 12 ár í starfi | 1 flokkur |

Kennari raðast hæst í launaflokk 12. Launaröðun kennara og náms- og starfsráðgjafa breytist með þessum samningi. Ef núverandi röðun er hærri en samningurinn kveður á um, skal viðkomandi halda óbreyttum flokki og þepi þar til hann uppfyllir ákvæði samningsins um nýja röðun.

## **3. Röðun stjórnenda í launaflokk**

- Aðstoðarskólameistari raðast í launaflokk 14.1 og hæst í launaflokk 17.
- Áfangastjóri raðast í launaflokk 13.1 og hæst í launaflokk 16.

Eitt þrep er skv. bókun 7 í samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og KÍ, frá 21. apríl 2018.

Skólameistara er heimilt að gera samning við aðstoðarskólameistara og áfangastjóra um þrep eða hærri röðun, byggðan á menntun, skyldum og vinnutíma. Stjórnendur taka ekki viðbótarhækkunum skv. ákvæðum um röðun kennara.

### **3.1. Starfsreynsla stjórnenda**

- |                       |                |
|-----------------------|----------------|
| ○ Eftir 2 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 5 ár í starfi | 1 launaflokkur |

BR  
BBS KH3  
SJS  
GJH  
LW  
2

## 4. Náms- og starfsráðgjafi

- Náms- og starfsráðgjafi með diplómapróf í náms- og starfsráðgjöf raðast í launaflokk 8.1.
- Náms- og starfsráðgjafi með meistarapróf raðast í launaflokk 9.1.

Þrep er vegna bókunar 8 í samkomulagi um framlengingu kjarasamnings KÍ frá 21. apríl 2018. Þessi röðun gildir um það starfshlutfall sem kennari innir af hendi sem ráðgjafi. Náms- og starfsráðgjafi raðast hæst í launaflokk 13.

### 4.1. Starfsreynsla náms- og starfsráðgjafa

Áhrif starfsreynslu á röðun náms- og starfsráðgjafa í launaflokka er eins og hjá kennurum:

○ Eftir 2 ár í starfi	1 flokkur
○ Eftir 4 ár í starfi	1 flokkur
○ Eftir 9 ár í starfi	1 flokkur
○ Eftir 12 ár í starfi	1 flokkur

Skólameistari getur hækkað röðun náms- og starfsráðgjafa um álagsþrep tímabundið eftir aðstæðum hverju sinni er varða umfang, starfsskyldur og vinnutíma.

## 5. Persónu- og tímabundnir þættir

Eftir að kennari eða náms- og starfsráðgjafi hefur raðast í launaflokk og þrep bætast við persónu- og tímabundnir þættir. Það er annars vegar mat á sérstökum persónubundnum þáttum sem nýtast FVA og hins vegar sérstök tímabundin verkefni sem ýmist er launað fyrir með tímum, þrepum eða flokki eftir umfangi og gilda meðan verkefnaráðning varir. Umfang ræðst af fjárhagsstöðu skólans hverju sinni og er endurskoðað árlega.

### 5.1. Persónubundnir þættir

Formleg viðbótarmenntun eða annað heildstætt háskólanám sem að mati skólameistara og samstarfsnefndar nýtist í starfi og er ekki eldra en 2ja ára getur gefið:

30 ECTS: 1 þrep

Að hámarki tvö þrep á starfsferli.

Kennrarar sem bæta við sig heildstæðu formlegu háskólanámi sem nýtist í starfi að mati skólameistara og samstarfsnefndar njóta svigrúms í vinnutíma í samráði við skólameistara meðan á námi stendur (að jafnaði í 2 annir).

### 5.2. Tímabundin verkefni

Sjá bókun 1.

### 5.3. Önnur tímabundin verkefni

Skilgreind stofuumsjón í myndlist, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, trésmíði, rafiðngreinum, starfsbraut, málmiðngreinum og sjúkraliðanámi, 1 klst á viku (18 vikur m.v. 100% starf). Taflan tekur gildi 1. ágúst 2022.

Deildarstjóri*	1 launaflokkur
Deildarstjóri á starfsbraut*	2 launaflokkar
Umsjón með dreifnámi í málmiðngreinum	1 þrep
Umsjón með dreifnámi í tréiðngreinum	1 þrep
Umsjón með dreifnámi á sjúkraliðabraut	1 þrep
Umsjón á starfsbraut	60 klst fyrir verkefnið
Verkefnastjóri yfir félagslífí nemenda	90 klst á önn
Verkefnastjóri forvarna	90 klst á önn
Verkefnastjóri afreksíþróttasviði	50 klst á önn
Alþjóðafulltrúi	36 klst á önn
Umsjón með umhverfismálum	24 klst á önn
Umsjón með jafnréttismálum	24 klst á önn
Umsjón með Skammhlaupi	36 klst fyrir verkefnið
Umsjón með Opnum dögum	90 klst fyrir verkefnið
Umsjón með heilsueflingu	50 klst á önn
Gæsla á skóladansleik	6,5 klst í yfirvinnu

\*skv. starfslýsingu í viðauka 2 og 3. Deildarstjóri er ráðinn til tveggja ára í senn.

Skólameistari getur gert samning við deildarstjóra starfsbrautar um þrep eða hærri röðun, byggðan á aðstæðum hverju sinni varðandi umfang starfs, skyldur og vinnutíma. Sá samningur er tímabundinn og skal endurskoða árlega.

Tilgreina skal ráðningartíma og uppsagnarákvæði og starfs- eða vinnulýsing gerð áður en ráðið er í tímabundin verkefni.

KHB BB  
BB BB  
G G G G  
B B B B  
4

Ef ráða á til ofangreindra verkefna skulu þau auglýst innan skólans með a.m.k. viku fyrirvara með starfslýsingu. Skólameistara er heimilt að fela starfsfólk önnur tilfallandi verkefni skv. starfslýsingu.

## 6. Dreifnám, U

Hluti af kennslu í málmiðnaðar-, trésmíða- og sjúkraliðanámi er í dreifnámi með staðbundnum lotum.

Kennsla fer fram utan hefðbundins vinnutíma og áætlað er að nemendur í náminu (sem eru eldri en 25 ára) ljúki áföngum á skemmri tíma en nemendur í dagskóla.

### 6.1. Dæmi um útreikning

Tímar fyrir áfanga eru reiknaður út miðað við fjölda nemenda og eininga sem þeir taka. Reiknaðir tímar byrja á að fylla dagvinnuskyldu kennara og afgangurinn er yfirvinna.

Dæmi um útreikning á verklegum áfanga í dreifnámi:

19 nemendur í tveggja eininga áfanga. 19 nemendur / 12 (hópur í verklegu) \* 2 (einingar) \* 2 (fjöldi tíma pr. einingu) \* 18 (vikur) \* 1,3 ( breyta kennslustund í klukkutíma) = 148,2 tímar.

Dæmi um útreikning á bóklegum áfanga í dreifnámi:

19 nemendur í tveggja eininga áfanga. 19 nemendur /18 (hópur í bóklegu) \* 2 (einingar) \* 2 (fjöldi tíma pr. einingu) \* 18 (vikur) \* 1,3 ( breyta kennslustund í klukkutíma) = 98,9 tímar.

Dæmi um útreikning á fagbóklegum áfanga í dreifnámi:

19 nemendur í tveggja eininga áfanga. 19 nemendur / 15 (hópur í fagbóklegu) \* 2 (einingar) \* 2 (fjöldi tíma pr. einingu) \* 18 (vikur) \* 1,3 ( breyta kennslustund í klukkutíma) = 118,56 tímar.

Forsendur fyrir launaútreikningi í kennslu í dreifnámi verði endurskoðaðar í næstu stofnanasamningsgerð.

## 7. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin skal einnig fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á

samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan.

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

## 8. Gildistaka

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2022 og gildir til 1. júní 2023.


Akranesi, 14. desember 2021,



Steinunn Inga Óttarsdóttir



Guðrún Lind Gísladóttir




Sigríður Hrefna Jónsdóttir



Fulltrúi FS



Birna Björk Sigurgeirs dóttir



Brynjar Kristjánsson



Kristbjörn Helgi Björnsson

## Bókun 1

Skv. bókun 2 í samkomulagi um breytingu á kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra frá 31. mars 2021 skal efla samkeppnisstöðu framhaldsskóla og auka tækifæri félagsfólks til að hafa áhrif á launaþróun og skapa hvata til að auka virkni stofnanasamninga með árvissu framlagi. Sérstaklega skal horft til **nýliðunar, framþróunar í starfi, starfsþróunar og nýsköpunar** í samræmi við þarfir skólans. Til þessa verkefnis er skólanum úthlutað fjármagni árlega. Það fjármagn sem kemur í hlut FVA 2022-2023 er nýtt til eftirfarandi:\*

### 1. Nýliðun

Nýútskrifaðir kennarar án kennslureynslu með leyfisbréf ráðnir í amk 50% starf til eins árs, og náms- og starfsráðgjafar sem taka óreyndir til starfa, fá eitt þrep þar til fyrsta starfsaldurshækkun kemur til en þá fellur þrepipð niður.

### 2. Framþróun í starfi

Félagsfólk FF og FS sem sinnir verkefnum sem efla fagvitund og mannauð og styðja við starfsemi skólans geta sótt til skólameistara um eitt-tvö þrep eftir umfangi verkefnis á önn meðan verkefnið varir.

Dæmi: Skólaþróun (t.d. spannarfyrirkomulag eða önnur þróunarverkefni) lýðræðislegir kennsluhættir, unnið með heimsmarkmið SP, utanumhald um faglega fræðslu á miðvikudagsfundum, stuðningur við minnihlutahópa nemenda, starfendarannsókn, umsýsla með skólaheimsókn erlendis, endurskoðun námskrár, teymisvinna o.fl. Sótt er um á rafrænu eyðublaði fyrir 15. janúar og 15. september.

### 3. Starfsþróun

Kennarar sem taka sæti í starfsþróunarhóp FVA fá greitt eitt launaþrep á önn, að hámarki tvær annir. Haldnar eru fundargerðir sem skilað er til skólameistara.

### 4. Nýsköpun

Kennari, náms- og starfsráðgjafi og stjórnandi geta sótt um 1-2 þrep í eina önn vegna sérstakra rannsóknarverkefna eða nýsköpunar í starfi. Kynna skal niðurstöður í samráði við skólameistara.


\*Umfang og fjöldi verkefna ræðst af fjármagni sem skólinn fær úthlutað árlega vegna bókunar 2 í kjarasamningi KÍ við fjármálaráðherra frá 31. mars 2021.

W B  
KMB BBS  
GJ GJ  
GJ 7

## Viðauki 1

### Starfslýsing deildarstjóra á starfsbraut

- Ber ábyrgð á skipulagi og daglegi framkvæmd innan deildarinnar.
- Tengiliður FVA við Akraneskaupstað, grunnskólana, Búsetu, Hvítá húsið, Ferðaþjónustu fatlaðra, barnavernd o.fl. vegna nemenda starfsbrautar.
- Tryggir að starfað sé í samræmi við námskrá starfsbrautar.
- Hefur eftirlit með að áfangalýsingar, kennsluáætlanir og próf séu í samræmi við námskrá.
- Sendir kennsluáætlanir til umsjónarmanns tölvukerfis til birtingar á heimasíðu.
- Hefur umsjón með inntöku nýrra nemenda í samvinnu við skólastjórnendur.
- Vinnur upplýsingar um fjölda nemenda sem njóta sérkennslu og ADL-þjónustu og skiptingu í þjónustuflokka og sendir til ráðuneytis.
- Stundatöflugerð í samvinnu við áfangastjóra og kennara.
- Boðar vikulega til fagkennarafunda og hefur umsjón með faglegu samráði innan deildar og miðlar upplýsingum, m.a. um endurmenntun.
- Sækir deildarstjórafundi og miðlar upplýsingum til kennara deildarinnar.
- Tekur þátt í kennsluskiptingu í samráði við aðstoðarskólameistara og kennara deildar.
- Tekur þátt í ráðningum kennara innan deildarinnar.
- Sér um upplýsingastreymi, m.a. til foreldra og tekur við athugasemdum nemenda, kennara og foreldra gagnvart deildinni og leysir úr eftir þörfum.
- Tekur þátt í kynningum á námsframboði deildarinnar.
- Er í reglulegum samskiptum við nemendur, foreldra og skólastjórnendur.
- Samskipti við umsjónarmann fasteigna og viðeigandi stjórnendur vegna uppfærslu tækjabúnaðar og námsefnis.
- Gerir áætlanir um störf á sínu sviði og skilar skýrslu um starfsemina í lok skólaárs.
- Hefur umsjón með vali á námsefni, gerð bókalista og útvegun kennslugagna í sínum námsgreinum.
- Leiðbeinir nýjum kennurum í sínum námsgreinum.
- Hefur umsjón með gerð kennsluáætlana innan deildar.
- Hefur forystu um faglega umræðu um kennslufræðileg málefni innan deildar.



A cluster of handwritten signatures and initials in blue ink. At the top right, there are several initials: 'N', 'Bd', 'BS', 'BB', and 'GK'. In the center, there is a large, stylized signature that appears to be 'Sofia' and below it, a smaller signature that appears to be 'Ólafur'.

## Viðauki 2

### Starfslýsing deildarstjóra

- Hefur forystu um faglega umræðu og kennslufræði innan deildar.
- Ber ábyrgð á skipulagi og daglegri framkvæmd innan deildarinnar.
- Tryggir að starfað sé í samræmi við námskrá, gildi og stefnu FVA.
- Hefur umsjón með faglegu samráði innan deildar, m.a. með því að boða til deildarfunda og skila fundargerð, og miðlar upplýsingum til kennara, m.a. um endurmenntun.
- Sækir deildarstjórafundi, kemur málum sem brenna á deildinni áleiðis og miðlar síðan upplýsingum til kennara deildarinnar
- Hefur eftirlit með að áfangalýsingar, námsáætlanir og próf séu í samræmi við námskrá og kröfur skólans og kröfur sveinsprófsnefndar í sinni grein (iðnnám).
- Hefur yfirsýn á námsefni deildarinnar.
- Tekur þátt í kennsluskiptingu í sinni deild með aðstoðarskólameistara.
- Er áfangastjóra til fulltingis ef þarf að útkljá matsatriði eða álitamál, t.d. mat á áföngum/námskeiðum úr öðrum skólum.
- Er til samráðs við skólameistara vegna ráðninga kennara innan deildarinnar.
- Sér um að kennsluáætlanir deildarinnar birtist í INNU og einkunnareglur séu uppfærðar.
- Tekur þátt í kynningum á námsframboði deildarinnar.
- Tekur þátt í samstarfi og samráði við grunnskóla.
- Er í samskiptum við nemendur, foreldra, skólastjórnendur, aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á.
- Er nýjum kennurum innan handar í sinni deild.
- Hefur samskipti við umsjónarmann fasteigna vegna uppfærslu tækjabúnaðar og viðeigandi stjórnendur vegna kaupa á námsefni.
- Hefur yfirsýn á innkaup deildarinnar.
- Samþykkir reikninga (verknám).
- Umsýsla eftir atvikum og samskipti við IÐUNA vegna sveinsprófa (iðnnám).

N  
XHB  
BB  
Gut  
S

